



Ópus 1 - 6

Tónfræðinemendur á Selfossi ásamt Edit Molnár kennara sínum,
með nýtt tónfræðinámsefni.



• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2015

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2015.....	4
Inngangur	4
Veturinn 2014 – 2015	6
Próf veturinn 2014 – 2015.....	6
Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2014 – 2015	6
Póllandsferð eldri strengjasveitar í júní 2015.....	6
Veturinn 2015 – 2016	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2015 – 2016.....	7
Fjöldi nemenda 2015 – 2016 / biðlistinn.....	8
Kennarar 2015 – 2016	8
Kennslustaðir 2015 – 2016	8
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2015 – 2016.....	9
Starfsáætlanir deildarstjóra 2015 – 2016.....	10
Blásaradeild	10
Blokklautudeild.....	11
Forskóladeild	11
Gítardeild.....	12
Kammertónlist.....	12
Píanódeild.....	13
Rytmísk deild	14
Strengjadeild.....	14
Suzukideild.....	15
Söngdeild	16
Tónfræðideild	17
Áætlun 2016	17
Fylgiskjal A – Stigspróf 2011 - 2015	18
Fylgiskjal B - Skóladagatal.....	19
Fylgiskjal C – Skólagjöld 2014 - 2015	20
Fylgiskjal D – Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2015	21
Fylgiskjal E – Fjöldi kenndra klst.	22
Fylgiskjal F – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi m.v. íbúafjölda	23
Fylgiskjal G – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum	24

Fylgiskjal H – Nemendafjöldi 1995 - 2015	25
Fylgiskjal I – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi	26
Fylgiskjal J – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall.....	27
Fylgiskjal K - Hlutfall nemenda eftir kyni	28
Fylgiskjal L – Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall.....	29
Fylgiskjal M – Aldursskipting nemenda í einkatímum	30
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	31
Fylgiskjal O – Talnakönnun - Áfallnar lífeyrisskuldbindingar LSR	32
Fylgiskjal P – Fjöldi nemenda og klst. október 2015.....	33
Fylgiskjal Q – Áætlun 2016	34
Fylgiskjal R – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2016	35

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árneseinga október 2015

Inngangur

Ég kallaði vorskýrslu tónlistarskólans 2015 „Annus horribilis“. Í lok skólaárs 2014 - 2015 var staðan þó ekki svo slæm. Skólaárinu lauk með þremur glæsilegum framhaldsprófstónleikum, sem sýndu hve unga fólkið okkar er frábært. Röð skólaslita og tónleika sem voru fullir fjölbreytni og tónlistarhæfileika. Niðurstöður prófa voru góðar þó próftakar væru ögn færri en undanfarin ár, en það var líka reyndin á landsvísu.

Eftir öll þau vandamál sem fylgdu síðasta skólaári langar mig að þakka starfsfólki skólans fyrir einstaka aðlögunarhæfni og áhuga á starfinu.

Skólaárið 2015 – 2016 fer vel af stað. Skólinn er nær fullsetinn, en í einstaka tilvikum stemma ekki saman hljóðfæraóskir nemenda við kennara í boði. Heildarfjöldi nemenda í ár er 479. 302 nemendur eru í fullu námi (þar af 37 í Suzukinámi) og 177 í hálfu (þar af 48 í Suzukinámi).

Á biðlista eru 65 nöfn sem dreifast sem hér segir: Bláskógabyggð: 8, Flóahreppur: 3, Grímsnes- og Grafningshreppur: 2, Hrunamannahreppur: 1, Hveragerði: 3, Skeiða- og Gnúpvejahreppur: 10, Sveitarfélagið Árborg: 38, Sveitarfélagið Ölfus: 0.

- Flestir þessara nemenda óska eftir námi á píanó eða gítar.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði skólans, en vel gekk að fá nýja kennara í stað þeirra sem létu af störfum. Sjá nánar á bls. 8.

Tímabil breytinga 2000 - 2015

Frá því ég tók við stjórn Tónlistarskóla Árneseinga í ágúst 2000 hafa orðið stórstígar breytingar á starfsumhverfi tónlistarskólans. Mig langar sérstaklega að beina sjónum að fimm þáttum.

1. **Aðalnámskrá tónlistarskóla** (útg. 2000), var mikið framfaraskref fyrir tónlistarmenntun í landinu. Innan ramma námskrárinnar hafa kennarar mikið svigrúm hvað varðar kennsluáðferðir og námsefni, en markmið eru skýr. Hefur hún haft mikil áhrif á starfsaðferðir kennaranna. Í námskránni er mikil áhersla lögð á alla hópavinnu, ekki síst á þau hljóðfæri sem áður voru flokkuð sem einleikshljóðfæri. Þessi hópavinna getur verið annað hvort í formi fastra hljómsveita- og samspilstíma eða tilfallandi verkefni.
2. **Suzuki-kennsluáðferðin**. Þó Suzukiaðferðin hafi verið notuð fyrir árið 2000 hefur Suzukikennslunni fleytt fram í skólanum sl. 10 ár. Hefur hún blómstrað á þessum tíma og nemendur nú að nálgast hundraðið. Tónlistarskóli Árneseinga er líklega í dag með fjölbreyttast úrval Suzukihljóðfæra á landinu, en boðið er upp á nám á blokkflautu, gítar, fiðlu, píanó, selló og víólu. Suzukiaðferðin leggur sérstaka áherslu á tvennt. Annars vegar er þátttaka foreldra og hins vegar hópavinnu.
3. **Rytmísk tónlist**. 2010 gaf menntamálaráðuneytið út rytmíska námskrá og í framhaldi af því var stofnuð rytmísk deild við skólann. Rytmíska námið hverfist um hópavinnu og samleik og liggur þungamiðja námsins þar. Nemendur í rytmísku námi taka því allir þátt í rytmískum hljómsveitum eða „poppgrúppum“.
4. **Tölvutækni í tónlistarmenntun**. Tónlistarskóli Árneseinga hefur ekki fylgt nógu vel þeirri þróun sem orðið hefur hvað varðar tölvunotkun í tónlistarmenntun. Allir góðir tónlistarmenn þurfa í dag t.d. að þekkja og hafa góðan skilning á Sibelius eða Finale nótnaskriftaforritunum. Allir nemendur í framhaldsnámi ættu einnig að hafa grunnþekkingu á upptökutækni og jafnvel nýtingu tölva í tónsmíðum. Huga þyrfti að kennsluáðstöðu með búnaði.

Samspilsaðstaða er nokkuð góð í Þorlákshöfn og í Hveragerði og rými nægt fyrir það starf sem þar fer fram. Þegar við tókum þátt í að skipuleggja rýmið á Eyraavegi 9 á Selfossi árið 2005, sáum við hins vegar ekki fyrir allar þær breytingar sem orðið hafa sl. 10 ár (liðir 1 – 4). Vegna mikillar fjölgunar samspilshópa og hljómsveita sjáum við fram á vandræði vegna plássleysis. Salurinn er fullnýttur alla

daga. Rytmísku samspilshóparnir þyrftu hljóðeinangrað sérrými (æfa núna í slagverksstofunni sem ekki rúmar samspil). Blokkflautusveit æfir í of lítilli stofu. Enginn möguleiki er á að koma upp tölvuveri og kennarar deila vinnuherbergi sínu með nemendum. Við getum ekki séð annað en þessi þróun haldi áfram og því mikilvægt að horfa til framtíðar í húsnæðismálum.

Vert er að benda á að á Selfossi er miðstöð hljómsveitastarfs fyrir sýsluna og koma nemendur alls staðar að úr sýslunni til að taka þátt í hljómsveitastarfi og samspili.

5. **Tölvutækni í skrifstofuhaldi.** Fyrir árið 2000 notaði Tónlistarskóli Árneseinga nær enga tölvutækni og aðeins örfáir voru með tölvupóstfang. Þetta hefur breyst til dagsins í dag. Þó tölvutækni gefi okkur tækifæri á meiri gæðum og möguleikum í vinnunni, þá minnkar ekki vinnan – þvert á móti. Í dag notum við *DaCapo* nemendaskrá til að halda utan um upplýsingar um nemendur og kennara, *Tónalaun* til að reikna kennaralaun og *H-laun* til að greiða laun, auk *Office*-forritanna. Skýrslugerð hefur margfaldast (sveitarfélögin, jöfnunarsjóður, Hagstofan, stéttarfélögin, ...), kjarasamningar eru flóknir og í upplýsingasamfélagi nútímans er að sjálfsögðu haldið úti heimasíðu og fréttapóstur sendir reglulega til nemenda og foreldra, fjölmiðla og sveitarfélaga.

Þessar breytingar hafa aukið stórlega alla skrifstofuvinnu. Tónlistarskóli Árneseinga er stór skóli, en vegna þaks í kjarasamningi fylgir tími til stjórnunar ekki stærðinni. Stig skólans eru 829, en tímum til stjórnunar hættir að fjölga við 601 stig. Ég tel það mjög mikilvægt að í nýjum kjarasamningi verði þetta vandamál leyst. Ef þaki í kjarasamningi verður ekki lyft, verðum við að fara þess á leit við sveitarfélögin í Árnessýslu að fá aukinn stjórnunarkvóta svo ráða megi aðstoðarskólastjóra í 100% starf (er núna í 82% stjórnunarhlutfalli).

Tónlistarskólinn hefur þróast og breyst mikið frá því stjórnunarkvóti fyrir deildarstjóra kom fyrst inn í kjarasamninga. Þó stjórnunarkvótinn hafi ekki breyst á þessum tíma var orðið tímabært að stokka upp tímum deildarstjóra með tilliti til þess álags sem fylgir hverri deild. Haft var samráð við fagrað tónlistarskólans, en málefnið hefur verið til umræðu í um tvö ár. Ræddum við við deildarstjórana sem fyrir voru og undirbyggjum breytinguna sem best við gátum. Deildarstjórastöðurnar voru auglýstar innan skólans og verkefnum var endurraðað. Niðurstaðan var sú að stjórnunarhlutfall var minnkað hjá fyrri deildarstjórum og tveim nýjum deildarstjórum bætt við, en það eru Margrét S. Stefánsdóttir deildarstjóri söngdeildar & kammertónlistar og Vignir Ólafsson deildarstjóri gítar & og rytmískrar deildar. Óskum við þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum. Deildarstjórar eru núna 6 talsins og ráðnir til tveggja ára í senn. - Sjá má starfsáætlun deildarstjóra í skýrslunni.

Nýjungar veturinn 2015 - 2016

Ópus 1 – 6. Tónlistarskóli Árneseinga tekur núna í notkun nýtt tónfræðiefni í grunn- og miðnámi sem kallast Ópus 1 – 6. Með þessu nýja námsefni hefur tónfræðikennslan að fullu verið aðlöguð aðalnámskrá tónlistarskóla, en áður var notað efni úr ýmsum áttum sem féll mis vel að námskránni. Til að innleiða námsefnið fengum við höfunda bókanna, þær Guðfinnu Guðlaugsdóttur og Mörtu E. Sigurðardóttur til að kynna efnið á starfsdögum í ágúst. Verður Ópus 1 kennt í hljóðfæra-/söngtímum, en Ópus 2 – 6 í hóptímum. Vonum við að þessi breyting verði til eflingar tónfræðikennslu í skólanum.

Eftirfylgniáðferðin. Kennarar feta sig nú inn á nýjar slóðir í kennsluáðferðum með nýtingu spjaldtölva í kennslu. Spjöldin eru hugsuð sem viðbót við kennsluna, en þau gefa möguleika á að senda myndir eða myndbrot heim til nemenda með þáttum sem unnið er með í tímunum. Vignir Ólafsson kynnti kennurum eftirfylgniáðferðina í vor og haust, og heldur utan um verkefnið í vetur.

Starfsmenn Tónlistarskóla Árneseinga stefna í vor á utanlandsferð til Helsinki og Tallin. Verður þetta fjórða utanlandsferð starfsmanna skólans, en ferðirnar eru nýttar í skólaheimsóknir, tónleika og samveru, sem er mjög dýrmæt í svo dreifðum skóla sem Tónlistarskóla Árneseinga.

Selfossi, 15. október 2015

Róbert A. Darling

Veturinn 2014 – 2015

Próf veturinn 2014 – 2015

Veturinn 2014 – 2015 luku 210 nemendur stigsprófum. Þar af luku 39 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Þrjú nemendur luku framhaldsprófi í vor, ásamt öllum tónfræðagreinum og tilheyrandi tónleikum. Það voru Aðalbjörg Ýr Sigurbergsdóttir á trompet, Bergþóra Rúnarsdóttir á fiðlu og Matthildur María Guðmundsdóttir á píanó. (Fylgiskjal A - Stigspróf 2011 – 2015).

Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2014 – 2015

Eftirtaldir nemendur fengu viðurkenningarskjal ásamt bókaþöf eða geisladiski frá kvenfélögum í sýslunni eða tónlistarskólanum:

Sara Margrét Jakobsdóttir	Reykholt	Blokkflauta
Eyrún Huld Ingvarsdóttir	Þjórsárskóli	Fiðla
Silja Rós Þorsteinsdóttir	Hveragerði	Píanó
Sædís Lind Másdóttir	Hveragerði	Söngur
Erlín Katla Hansdóttir	Flóahreppur	Þverflauta
Þórunn Sturlud. Schacht	Flóahreppur	Píanó
Elín Karlsdóttir	Sto./Eyrarb.	Blokkflauta
Þróstur Ægir Þorsteinsson	Þorlákshöfn	Slagverk
Bergrún Gestsdóttir	Þorlákshöfn	Klarínetta
Katla Ýr Gautadóttir	Þorlákshöfn	Þverflauta
Óttar Pétursson	Selfoss	Fiðla
Vanessa María Pétursdóttir	Selfoss	Gítar
Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	Selfoss	Víóla
Dýrleif Nanna Guðmundsd.	Selfoss	Blokkflauta

Póllandsferð eldri strengjasveitar í júní 2015

Eldri strengjasveit Tónlistarskóla Árneseinga fór í júní 2015 í vel heppnaða ferð til Póllands ásamt stjórnanda sínum, Guðmundi Kristmundssyni og nokkrum foreldrum. Stóð undirbúningur yfir allan sl. vetur með æfingum og fjáröflun, en hópurinn var duglegur að koma fram og öflugur hópur foreldra studdi dyggilega við bakið á verkefninu. Strengjasveitin heimsótti tónlistarskóla í Gdansk, þar sem hún æfði með hljómsveit skólans og héldu hóparnir sameiginlega tónleika í lokin.

- Pólska strengjasveitin stefnir að því að heimsækja Tónlistarskóla Árneseinga vorið 2016 ásamt strengjasveit frá Danmörku.

Veturinn 2015 – 2016

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2015 – 2016 hófst 20. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 27. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 26. maí 2016 og þremur starfsdögum 27. – 31. maí. Starfsdagur á kennslutímabilinu eru þrír. Haustið er tekið 15. - 19. október. Kennsludagar eru 176 og kennsluskylda 20,45 klst./viku.

(Fylgiskjal B - Tónlistarskóladagatal 2015 – 2016)

(Fylgiskjal C - Skólagjöld 2015 – 2016)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga 2015 – 2016

Breyting varð á skipan deildarstjóra í haust þegar tímum til stjórnunar var endurraðað og deildarstjórum fjölgað. Um leið varð breyting á umsjónarmönnum kennslustaða. Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga lítur svona út veturinn 2015 – 2016:

Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Fagráð Tónlistarsk. Árn.: Ragnar Magnússon, formaður
Sandra Dís Hafþórsdóttir, ritari
Ágústa Ragnarsdóttir, varaformaður

Skólastjóri: Róbert A. Darling
Aðstoðarskólastjóri: Helga Sighvatsdóttir
Skólaritari: Ragnhildur Magnúsdóttir

Deildarstjórar:

Jóhann I. Stefánsson	Blásaradeild + almenn stjórnun
Miklós Dalmay	Píanódeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðadeild + forskóli
María Weiss	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir	Söngdeild + kammertónlist
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + gítardeild

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eru ráðnir samkvæmt kjarasamningi, deildarstjórar til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2015-2016:

Flóaskóli	Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Guðmundur Kristmundsson
Reykholt	Loftur Erlingsson
Stokkseyri/Eyrarbakki	Ingibjörg Birgisdóttir
Þorlákshöfn	Gestur Áskelsson

Fjöldi nemenda 2015 – 2016 / biðlistinn

Í ár stunda 479 nemendur nám við skólann í einkatímum, auk um 200 nemenda sem njóta forskólakennslu innan grunnskólanna (samstarf grunn- og tónlistarskóla). Af 479 nemendum skólans eru 91 nýnemi. Á biðlista eru 65 nöfn.

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Nemendalisti til Jöfnunarsjóðs okt. 2015)

(Fylgiskjal E - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal F - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi miðað við íbúafjölda)

(Fylgiskjal G - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal H - Nemendafjöldi 1995 – 2015)

(Fylgiskjal I - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal J - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft 2012 – 2015 - hlutfall)

(Fylgiskjal K - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal M - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal P - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2015)

Kennarar 2015 – 2016

Hörður Friðþjófsson gítarkennari hefur látið af störfum sökum aldurs, Vilhjálmur Ingi Sigurðarson málmblásturskennari fékk starf við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, en kennir áfram einum nemanda við T. Árn., Jane Ade Sutarjo píanóknari er í árs námsleyfi, Grétar Geir Kristinsson gítarkennari sagði upp störfum og Jörg Sondermann píanóknari flutti til Húsavíkur og tekur þar við stöðu organista. Við þökkum öllum þessum góðu kennurum fyrir öflugt, faglegt og metnaðarfullt starf á liðnum árum og áratugum.

Í stað fráfarandi starfsmanna hafa verið ráðnir: Glódís Margrét Guðmundsdóttir píanóknari og undirleikari, Kristinn Freyr Kristinsson gítarkennari, Ólöf Jónsdóttir píanóknari og undirleikari, Páll Sigurðsson málmblásturskennari og Zoltán Szklenár málmblásturs- og tónfræðikennari. Við bjóðum nýja kennara velkomna til starfa og fögnum góðri viðbót við öflugan kennarahóp.

Í vetur starfa 32 kennarar við skólann í 27,74 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

Kennslustaðir 2015 – 2016

Kennslustaðir eru óbreyttir frá sl. vetri:

Árborg: Eyravegur 9 Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli Selfossi

Árborg: Félagsheimilið Staður Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur: Félagsheimilið Minni Borg

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli

Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli

Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir vetrarinn 2015 – 2016

Stærstu viðburðir vetrarins:

- Deildartónleikar verða í nóvember sem hér segir:
 - Blásaradeildartónleikar – mánud. **9.** nóv. kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju.
 - Blokkflautudeildartónleikar – þriðjud. **10.** nóv. kl. 18:00 í sal skólans, Eyra­vegi 9 Selfossi.
 - Strengjadeildartónleikar – miðvikud. **11.** nóv. kl. 18:00 í Þorlák­skirkju.
 - Gítardeildartónleikar - fimmtud. **12.** nóv. kl. 17:00 að Sólheimum í Grímsnesi.
 - Ryt­mískir deildartónleikar – föstud. **13.** nóv. kl. 17:30 í sal skólans, Eyra­vegi 9 Selfossi.
 - Píanódeildartónleikar – mánud. **16.** nóv. kl. 18:00 í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum.
 - Söngdeildartónleikar – þriðjud. **17.** nóv. kl. 18:00 í Selfoskirkju.
 - Fram­haldsdeildartónleikar – miðvikud. **18.** nóv. kl. 20:00 í sal skólans, Eyra­vegi 9 Selfossi.
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 23. – 28. nóvember. Á þessum tónleikum koma allir nemendur skólans fram hjá sínum kennurum.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið miðvikud. 9. des. kl. 17:00 í Sunn­ulækjarskóla.
- Í desember fara svo nemendurnir út um hvippinn og hvappinn með sínum kennurum að vanda, leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir sveitunga sína um alla sýslu.
- Þematónleikar verða haldnir á degi tónlistarskólanna laugardaginn 13. febrúar 2016. Viðfangsefni vetrarins er Óperur og söngleikir og spennandi að sjá og heyra hvernig það skilar sér á tónleikum dagsins sem haldnir verða á 6 stöðum í sýslunni.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, verður haldin í mars.

Aðgangur að tónleikum tónlistarskólans er ókeypis og öllum opin. Ef fólk hefur áhuga á að fylgjast með skólastarfinu í gegnum tónleikahaldið, mælum við á haustönn sérstaklega með deildartónleikunum í nóvember. Þar koma fram allar hljómsveitir og samspilshópar skólans auk minni samleiksatriða og einleikara. Síðastir í þeirri tónleikaröð eru fram­haldsdeildartónleikarnir, þar sem lengst komnu nemendurnir stíga á stökk. Á vorönninni er dagur tónlistarskólanna í febrúar stærsti viðburðurinn auk skólaslitanna í maí.

Starfsáætlanir deildarstjóra 2015 – 2016

Blásaradeild

Deildarstjóri: Jóhann I. Stefánsson

Kennarar :

Birna Bragadóttir
Gestur Áskelsson
Hjörtur B. Hjartarson
Jóhann I. Stefánsson
Kolbrún Berglind Grétarsd.
Páll Sigurðsson
Róbert Darling
Sigríður Kjartansdóttir
Stefán I. Þórhallsson
Vilhjálmur Ingi Sigurðars.
Zoltán Szklénár
Órlygur Benediktsson

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn
Klarínetta, saxófónn, hljómsveit
Klarínetta, þverflauta, saxófónn
Trompet, horn, básúna, túba, hljómsveit
Þverflauta
Trompet, horn, básúna
Horn
Þverflauta
Slagverk
Trompet
Trompet, horn, básúna
Klarínetta, saxófónn

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss	Yngri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Selfoss	Eldri blásarasveit	Jóhann I. Stefánsson
Þorlákshöfn	Yngri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Þorlákshöfn	Eldri blásarasveit	Gestur Áskelsson
Hveragerði	Blönduð hljómsv. blás/strengir	Guðmundur Kristmundsson

Tónleikahald deildar:

Blásaradeildartónleikar	9. nóvember
Lúðrasveitamaráðon í Hörpu	15. nóvember.
Haustrónleikar	Nóvemberlok
Jólatónleikar??	Desember
Þematónleikar	13. febrúar
Vortónleikar	Apríl-maí

Vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar blásarasveita vorið 2016 verður líklega mikið um smátónleika hingað og þangað til fjáröflunar.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Utanlandsferð eldri blásarasveita Vor 2016 líklega í júní.
Mögulega fáum við hljómsveit(ir) í heimsókn eða förum í heimsókn. Ekki ákveðið ennþá.

Annað:

Vantar klarínnettunemendur í skólann. Stefdir í vandræði.

Möguleg heimsókn brasskvintetts á skólaárinu, sem gæti spilað stutta tónleika fyrir blásaranemendur. Einnig væri gaman að finna góðan klarínnettuleikara sem gæti spilað fyrir t.d. 2. - 3. bekk í vor.

Blokkflautudeild

Kennarar:

Helga Sighvatsdóttir
Ingibjörg Birgisdóttir
Hjörtur B. Hjartarson.

Kennslugreinar:

Blokkflauta og samspil
Blokkflauta, Suzukiblokkflauta og samspil
Blokkflauta (+ kennsla í öðrum deildum)

Samspilshópar:

Selfoss Blokkflautusveit grunnnám
Selfoss Blokkflautusveit mið-/framhaldsnám

Stjórnandi:

Ingibjörg Birgisdóttir
Helga Sighvatsdóttir

Tónleikahald deildar:

Blokkflautudeildartónleikar í sal skólans Eyra­vegi 9 á Selfossi, 10. nóvember. Á tónleikunum koma fram allir blokkflautunemendur skólans auk blokkflautusveitanna tveggja og Suzuki-blokkflautuhópa. Á degi tónlistarskólanna 13. febrúar, koma blokkflautusveitirnar fram með þematengt efni auk einleikara.

Til viðbótar koma blokkflautunemendur fram á haust- og vortónleikum kennaranna, skólaslitum og tilfallandi viðburðum yfir veturinn.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Æfingabúðir með blokkflautusveitum skólans verða á Stokkseyri 30. okt. til 1. nóv. – gist verður í barnaskólanum.

Aðventan. Í desember heimsækja blokkflautusveitirnar öldrunar- og hjúkrunarheimili í Árnassýslu. Aðventurúturinn endar svo að venju með kakó­bolla.

Blokkflautusveitirnar skreppa „út í bæ“ í mars/apríl. Heimsækja öldrunarheimili, leikskóla eða aðrar stofnanir.

Annað

Stefnt er að utanlandsferð með blokkflautusveitirnar vorið 2017.

Forskóladeild

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Kennarar:

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Kolbrún Hulda Tryggvadóttir
Loftur Erlingsson
Magnea Gunnarsdóttir
Ragnar Jónsson
Sigríður Kjartansdóttir
Ulle Hahndorf

Forskólahópar:

Flóaskóli
Stokkseyri
Reykholt, Þjór­skáli
Flúðir
Selfoss – Sunn­lækjarskóli og Vallaskóli
Þorlákshöfn
Hveragerði

Tónleikahald deildar:

Sýningar í apríl-maí

Tillögur að starfsáætlun:

Fyrir næstkomandi tímabil langar mig að skipuleggja heildstæða áætlun þar sem mikilvægustu atriðin verða endurskipulögð. Kennslan hjá okkur er þegar litrík og áhugaverð, kennararnir nota mismunandi aðferðir til að vinna að góðri kennslu. En það væri mjög gott ef forskólarnir innan tónlistarskólans hefðu einhverjar sameiginlegar vinnu­aðferðir.

Námslok: Nemandi hafi öðlast jákvæða upplifun af tónlist og tónlistarnámi.

Annað:

Deildarstjóri heimsækir núna alla kennslustaði.

Forskólanám sem sniðið er að aldri og þroska ungra barna, telst til grunnnáms tónlistarskóla.

Við lok forskólaennslu eiga forskólanemendur að hafa náð fyrirfram settum markmiðum.

Gítardeild

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar :

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Gestur Áskelsson

Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Klassískur gítar, Susuki gítar og samspil

Klassískur gítar, samspil og gítarmeðleikur

Gítar og samspil

Gítar og samspil

Rafgítar, rafbassi og samspil

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil 1

Selfoss Gítarsamspil 2

Kerhólsskóli Blandaður hópur

Reykholt Gítarsamspil/blandaður hópur

Þorlákshöfn Gítarsamspil

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar að Sólheimum í Grímsnesi 12. nóv 2015

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Væntanlega verður að venju farið út á gresjuna með jólaspil, annað er ekki í deiglu enn sem komið er.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Reyna að bæta aðstöðu til samspils fyrir alla hópa skólans.

Annað:

Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Kammertónlist

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Kennarar úr ýmsum deildum skólans.

Tónleikahald deildar:

Söngvarar komi fram með hljómsveitum og strengjasveitum, Hveragerðisbandi o.fl.

Samspil og samvinna milli deilda skólans. Söngur og gítarleikari, tríó, fiðla, selló, píanó, blokkflautur og söngvarar, söngvarar og slagverk.

Kammertónlist af ýmsum toga flutt á hausttónleikum skólans og deildartónleikum.

Einnig út í samfélaginu. Heilsustofnun í Hveragerði í desember og samspil af ýmsum toga á sjúkrahöfnunum og við hin ýmsu hátíðlega tækifæri.

Búið að bóka nú þegar tónlistaratriði á hátíðarkvöldverði Norrænu bókasafnsvikunnar þann 7. nóvember. Einnig við opnun listsýningar á bókasafninu í Hveragerði 6. nóvember. Töfraflautan vor 2016 þar sem stór hópur nemenda mun vinna saman.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Stefnt á að fara með Töfraflautuna í önnur sveitarfélög vor 2016. Einnig heimsóknir jóla og vor á ýmsar stofnanir í samfélaginu. Fór síðastliðið vor með sönghópin minn í Krónuna þar sem við vorum með svokallað „flash mob“ (gjörning). Það var mjög skemmtilegt.

Tillögur að starfsáætlun:

Efla samstarf milli deilda. Nota þema vetrarins og útvíkka það sem mest. Setja inn kammertónleika þar sem einungis kammertónlist væri flutt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Spurning hvort mætti vera fastur fundatími deildarstjóra þar sem hægt væri að koma fram með hugmyndir og skipuleggja starfið.

Píanódeild

Deildarstjóri: Miklós Dalmay

Kennarar :

Birna Bragadóttir
Ester Ólafsdóttir
Gestur Áskelsson
Glódís Margrét Guðmundsdóttir
Guðrún Markúsdóttir
Hjörtur Bergþór Hjartarson
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
Loftur Erlingsson
Magnea Gunnarsdóttir
Margrét S. Stefánsdóttir
Miklós Dalmay
Ólöf Jónsdóttir
Ragnar Jónsson
Ulle Hahndorf

Kennslugreinar:

píanó
píanó, Suzukipíanó, meðleikur
píanó
píanó, meðleikur
píanó, Suzukipíanó
píanó
píanó
píanó
píanó
píanó, meðleikur
píanó, meðleikur
píanó
píanó, meðleikur

Tónleikahald deildar:

Píanódeildartónleikar 16. nóvember kl. 18:00 á Flúðum
Hausttónleikar 23. – 27. nóvember
Vortónleikar 2. – 7. maí

Annað tónleikahald í vetur:

- Grunnprófsskemmtun í lok febrúar. Upphitunarsamkoma fyrir nemendur sem stefna á grunnpróf í vor.
- „Uppáhalds lagið þitt“. Tónleikaskemmtun fyrir nýnema undir 10 ára.
- „Búningatónleikar“. Píanó-party fyrir yngri kynslóðina, allir sem koma fram munu klæðast búningum tengdum sínu atriði.

Annað:

Vorið 2015 tók nemandi í fyrsta sinn píanóframhaldspróf frá Tónlistarskóla Árnesinga, en það var Matthildur María Guðmundsdóttir sem náði þeim áfanga. Matthildur lauk prófinu með lokatónleikum fyrir fullu húsi í sal skólans á Selfossi. Kennari hennar var Miklós Dalmay.

Endurmenntun. Í vetur er stefnt að því að fá utanaðkomandi kennara til að leiðbeina píanókennurum um valþátt píanókennslunnar.

Rytmísk deild

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Stefán I. Þórhallsson

Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Slagverk, trommur og samspil

Rafgítar, rafbassi og samspil

Samspilshópar:

Selfoss Rytmískt samspil 1

Selfoss Rytmískt samspil 2

Selfoss Rytmískt samspil 3

Selfoss Slagverkssamspil Grunnám

Selfoss Slagverkssamspil Miðnám

Stjórnandi:

Vignir Ólafsson

Vignir Ólafsson

Vignir Ólafsson

Stefán I. Þórhallsson

Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar í sal skólans Eyravegi 9, Selfossi 13. okt. 2015

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Væntanlega verður að venju farið út á gresjuna með jólaspil, annað er ekki í deiglunni enn sem komið er.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Reyna að bæta aðstöðu til samspils fyrir alla hópa skólans.

Annað:

Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Strengjadeild

Deildarstjóri: María Weiss

Kennarar:

Guðmundur Kristmundsson

Guðmundur Pálsson

María Weiss

Ulle Hahndorf

Kennslugreinar:

Fiðla, víóla, hljómsveit, samspil, meðleikur

Fiðla, samspil

Fiðla, samspil

Selló, fiðla, hljómsveit, samspil, meðleikur

